

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn Hafnarfjarðarkaupstaðar takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmisins.

Sjávarmegin ráða mörkum tvær eftirfarandi línur úr landi að skurðarmörkum þeirra:

Lína úr Markarkletti við Hraunsnes í Gróttuvita og lína úr Balaklöpp til skurðar við áðurnefnda línu 5000 m frá meðalstórstraumsfjöruborði á Hraunsnesi.

Hafnargarðar skipta höfninni í Hafnarfirði í ytri og innri höfn, en í Straumsvík eru mörkin milli ytri og innri hafnar lína, sem hugsast dregin frá yzta enda norður brúnar hafnarbakkans, í sömu stefnu og hafnarbakkinn, þvert yfir hafnar-mynnið, í fjöruborð vesturstrandar Straumsvíkur.

Hafnarsvæði telst vera, auk hinnar löggiltu hafnar, öll strandlengja lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar og allt landsvæði við Hafnarfjörð, sjávarmegin við eftirfarandi mörk: Herjólfsgata, Vesturgata, Fjarðargata, Strandgata, Fornubúðir, Óseyrarbraut og Hvaleyrarbraut.

Í innri höfninni í Straumsvík telst til hafnarsvæðisins, fjaran á vesturströndinni og að auki allt landsvæði frá miðjum botni Straumsvíkur og Reykjanesbraut á austurströndinni, sjávarmegin við lóð ÍSAL.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

3. gr.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með hafnarmannvirkjum og hafnarsvæðinu öllu.

Hafnarstjórn er auk bæjarstjóra skipuð fjórum mönnum, sem bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu í einu lagi.

Tveir þeirra manna, er bæjarstjórn kýs, mega vera utan bæjarstjórnarinnar.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er eitt ár og fer kjör hennar fram á sama tíma og nefnda bæjarstjórnar.

Á fundum hafnarstjórnar mætir hafnarstjóri og hefur þar málfrelsi og tillögu-rétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi hann þar atkvæðisrétt. Hafnarstjórn kýs sér einnig ritara úr sínum hópi.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Hún sér um, að reikningar hafnarsjóðs séu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarstjórnar og setur honum erindisbréf.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Til aðstoðar hafnarstjóra skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarstjórnar, en hafnarstjórn getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landsvæði hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þess eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á hafnarsvæðinu, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka. Fólk, sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

7. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisoliu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landsvæði við innri hafnirnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum á innri höfninni eða á landsvæði hafnarinnar.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til.

8. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina oliur, lýsi, grút, olíusora eða annað, sem mengun veldur.

Ber að hlíta í öllu reglugerð um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum oliu, sem sett er samkv. 3. gr. laga nr. 77 frá 10. maí 1966.

9. gr.

Á hafnarsvæðinu má ekki smíða ný skip, né þetta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

IV. KAFLI

Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

11. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Hafnarfjarðar eða Straumsvíkur og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar með minnst 3. klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að $\frac{1}{2}$ sjómílu út fyrir yztu mörk hafnarinnar (Valhúsabauju), ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við landfestar eða við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lög-mætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hvert skip, sem af höfninni fer, á rétt á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því út fyrir yztu mörk hafnarinnar, ef skipstjóri æskir þess. Hafnsögumaður skal og hafa á hendi leiðsögu skipa um höfnina sjálfa.

12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir að ætla, að sóttþætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lög-um um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

13. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skip hans megi liggja.

Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 100 brúttórúmllestir, og ekkert erlent skip má fara inn í höfnina eða út úr henni án hafnsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

Skip, sem koma inn í innri höfn án leiðsögumanns, skulu binda landfestar, þar sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggi skip í innri höfn án þess nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafizt þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til að láta flytja skipið, leggja því við legufæri, eða taka það á land og ber skipseiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

14. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sé að ferma eða afferma skipið, en þá á skipstjóri öðrum fremur heimtingu á, að sér sé vísað á stað, þar sem fermingu eða affermingu verður haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skips í innri höfn, skal jafnan skylt að flytja skipið á ytri höfnina, ef hafnarstjóri krefst þess.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið, eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnsta kosti þriggja klukkustunda fyrirvara.

15. gr.

Þegar hafnarstjóri hefur ákveðið, hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, unz því er lokið innan hæfilegs tíma. Ef ástæða þykir til, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja heimil nauðsynleg umferð um þilfór skipa, er nær liggja.

16. gr.

Í hverju skipi eða fari, að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlauð í lægi á höfninni, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

Skal hann sjá um, að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni.

17. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

18. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum, sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

19. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhingana eða við festarstólpa, að tilvísun hafnarstjóra. Séu landfestar úr jární, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkj-

um. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlifar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

20. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

21. gr.

Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnar-mannvirkjum stafi hætta af því.

22. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það, að álitu hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

23. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlifar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

24. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal sá, er séð hefur um lestun eða losun láta strax ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

V. KAFLI

Um skip, sem lagt er í lægi.

25. gr.

Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka það upp, ef það sekkur eða sprengja það sundur, svo og að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarstjórn heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann. Skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja fyrir akkerum.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Ákvræði þessi ná einnig til smærri báta og flutningapramma.

26. gr.

Meðan skip liggur mannaust í lægi, skal ekki sjaldnar en á 14 daga fresti farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Hafnarfirði, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi.

VI. KAFLI**Um fermingu og affermingu eldfims og hættulegs varnings.****27. gr.**

Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á innri höfn, fyrr en hafnarstjóri hefur veitt leyfi til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningarskylda nær til efna, sem samkvæmt International Maritime Dangerous Goods Code, flokkast í flokka 1, 2, 3 og 5. Í tilkynningu skal greina nafn á varningi, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geómit, hlaðnar patrónur, benzín, steinolíu, acetón, terpentínu, toulól, kosangas, kalcíumkarbit, ammoníum nítrat, natriumklorat.

28. gr.

Losun á vörum, sem um ræðir í 27. gr. skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagzt að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Áliti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, getur hann stöðvað verkið unz nauðsynlegar varúðaráðstafanir hafa verið gerðar.

Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum reglugerðar um brunavarnir og brunamál fyrir Hafnarfjörð.

29. gr.

Skytt er að hafa öryggisvörzlu við skip, sem ferma eða afferma eldfiman flutning. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

30. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, sem um ræðir í 27. gr. skulu á daginn hafa rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

VII. KAFLI**Um hafnargjöld í Hafnarfirði.****31. gr.**

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmllestum, en sleppa brotum. Rúmllestatala skips reiknast eins og hún (samkv. mælibréfi) mest verður meðan skipið er í höfn. Erlend skip samkv. „International Gross Tonnage“ mælingu.

*1. Lestagjald.***32. gr.**

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

Skip telst við ákvörðun lestagjalds koma til hafnar sé því veitt þjónusta af hafnarstarfsmönnum eða tollgæzlunni.

33. gr.

a) Fiskiskip, sem leggja upp afla til vinnslu í Hafnarfirði og minni eru en 100 brúttórúmllestir, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, kr. 25.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem ekki greiða bryggjugjald.

b) Öll skip önnur, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, íslenzk vitaskip, skip sem hafa skirteini, sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem um getur í staflið c) þessarar greinar, skulu greiða kr. 1.10 fyrir hverja brúttórúmllest. Innlend fiskiskip skulu þó ekki greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar sinnum í mánuði, þótt þau komi oftár til hafnar.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun greiða hálfst lestagjald.

c) Skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

*2. Bryggjugjald.***34. gr.**

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmllest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, kr. 0.50 af hverri rúmllest, þó aldrei minna en kr. 50.00 um sólarhringinn.

Skip er um getur í 33. gr. staflið a), greiða ekki bryggjugjald. Önnur fiskiskip skráð í Hafnarfirði greiða hálfst bryggjugjald.

Heimilt er að hækka bryggjugjald um 50% eftir 20 daga samfelldan legutíma skips.

Herskip og varðskip, íslenzk vitaskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

*3. Fjörugjald.***35. gr.**

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 2.00 af hverri brúttórúmllest skipsins, en þó aldrei minna en kr. 150.00.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtugjaldi þessu fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, er tekin eru á land hjá þeim.

*4. Vatnsjald.***36. gr.**

Fyrir vatn handa skipum skal greiða gjald það, sem hafnarstjórn ákveður.

*5. Hafnsögugjald.***37. gr.**

Öll skip, sem eru 30 brúttórúmllestir eða stærri, skulu hvort sem þau nota hafnsögumenn eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, sem þau koma til hafnarinnar.

Herskip, varðskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

38. gr.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni eða er skylt að nota hafnsögumann samkv. 13. gr., þó það hafi fengið undanþágu til þess að koma og fara til hafnar án hafnsögumanns, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt gjald fyrir leiðsögu skipa um innri höfnina og milli innri hafna í Hafnarfirði og Straumsvík.

39. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar að bólvirki eða lægi, kr. 600.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmllest.

Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald og enn fremur fyrir leiðsögn milli innri hafna í Hafnarfirði og Straumsvík.

- b) Fyrir leiðsögn um innri höfn skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a).

- c) Auk þess skal hvert skip, sem notar hafnsögumann eða skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 37. gr., greiða kr. 100.00 í hafnsögusjóð.

*6. Vörugjald.***40. gr.**

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað á höfninni, með undantekningum þeim, er síðar getur.

41. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Hafnarfjarðar, eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

42. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

43. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi.

- a) Afli skipa, lagður á land þegar skip kemur úr veiðiför, enda sé aflinn ætlaður til neyzlu eða verkunar og vinnslu í Hafnarfirði.
- b) Innlend nýmjólk, sem flyzt til hafnarinnar.
- c) Umbúðir, sem endursendar eru.
- d) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin afnota.
- e) Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

44. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast.

Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundum, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem ber hæst vörugjald.

Hafnarstjórn hefur heimild til að semja um sérstök vörugjöld ef um mikið magn af óunninni vöru er að ræða, svo og ef hún telur sérstakar löndunar- eða þökkunar- aðferðir réttlæta slíkt.

45. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiðist gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en kr. 10.00.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

46. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.60 fyrir hver 100 kg.
 - a) Kol, koks, salt, ís, sement, brotajárn, vikur, alls konar vörur úr ódýrum steintegundum, áburður, kornvörur alls konar og hey. Oliur til eldsneytis og hreyfla, benzín, losað og lestað milli skipa í ytri höfninni.
 - b) Gjald kr. 3.40 hver 100 kg.
Oliur til eldsneytis og hreyfla, benzín, landað eða lestað í skip á innri höfninni.
2. flokkur. Gjald kr. 3.90 fyrir hver 100 kg.
Alumíníum, asfalt, carbíd, fiskur, fiskbein, fiskimjöl, garnir, girðingavír, gólfúkur, gólfpappi, gærur, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða, bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kitti, kjöt, kornvörur, leður, efni til málningar, mör, miðstöðvarofnar, pípur úr asbesti, járneiða alumíníum, pokar úr striga eða pappír, umbúða- og prentpappír, rúðugler (einfalt venjulegt), saumur, segldúkur, síld, síldarmjöl, smurningsoliur, strigi, tjara, tvistur, vír óeinangraður úr stáli, kopar eða alumíníum, vírnet, þakplötur úr asbesti, alumíníum, járneiða kopar, nýir ávextir, blöð, bækur, brauðvörur, brennisteinn, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, oliur, essensar, kaffi, kalcíum, lýsi, niðursuðuvörur, smjör, smjörlíkisoliur, syk-ur, te, ull.
Útfluttar sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarvörur.
3. flokkur. Gjald kr. 12.00 fyrir hver 100 kg.
Efni til rafmagnslagna, eldhúsaðhöld, gólfplötur, gúmmíúkar, harðviður, hreinlætistæki, húsgagnaspónn, leirvörur, lím alls konar, lyf alls konar, tengihlutir til miðstöðvarlagna, vatnslagna og rafmagnslagna, þilplötur alls konar, tvöfalt gler (einangrunargler), lofttegundir á stálflöskum, sápur, þvottaefni, málning, smjörlíki, innfluttar unnar iðnaðarvörur,

glervörur, gúmmívörur, leikföng, þrjónavörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, tilbúin hús og húshlutar.

Allt ótalið annars staðar.

4. flokkur. Gjald kr. 31.00 fyrir hver 100 kg.

Heimilisvélar, landbúnaðarvélar, hreyflar, mælitæki, raf-og loftknúin verkfæri, sauma- og þrjónavélar, skrifstofuvélar, þungavinnuvélar, varahlutir til bifreiða, hreyfla, landbúnaðarvéla og þungavinnuvéla, eldspýtur, dúnn, fiður, súkkulaði, súkkulaðikex, sælgætisvörur, bátar, bifhjól, bifreiðar, hjólbarðar, flugvélar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri.

5. flokkur. Gjald kr. 80.00 fyrir hver 100 kg.

Fegrunarmeðul, glysvarningur, ilmvötn, smyrsl, klukkur, úr, útvarps- og sjónvarpstæki, myndavélar, sjónaukar, tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.

6. flokkur. Gjald kr. 20.00 hver rúmmetri.

Timbur, ýmis gerviefni, svampur, eggjaumbúðir og annað reiknað eftir rúmmáli.

7. flokkur. Gjald kr. 30.00 fyrir hvern grip.

Hestar, nautgripir, svín.

Gjald kr. 10.00 fyrir hvern grip.

Sauðfé, geitfé, loðdýr.

Gjald kr. 2.00 fyrir hvert stykki.

Tómar tunnur.

7. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

47. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

48. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

49. gr.

Fyrir notkun á hafnsögubátum hafnarinnar, krönum og öðrum tækjum hennar svo og fyrir móttöku skipa, bindingu og losun, og aðra útselda vinnu, símaafnot og rafmagn skal greiða gjald er hafnarstjóri ákveður.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

50. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

51. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd. Tafir og tjón sem af þessu hlýzt eru einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri

getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

52. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 47. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóri og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur og haldsrétt á vörum, til tryggingar gjaldinu, unz gjaldið er greitt. Skemmdir á varningi eða annað tjón, sem af því hlýzt að haldsréttarákvæði þessu sé beitt er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda vörugjaldsins.

53. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkv. 48. gr. greiðir leigutaki, svo og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar og aðra veitta þjónustu, samkv. 49. gr., greiðir aðnjótandi.

54. gr.

Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð eru á hafnarsvæðinu skulu renna í hafnarsjóð.

55. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir hafnsögubáta og önnur tæki og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

IX. KAFLI

Um hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

56. gr.

Meðfram og útfrá strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema bæjarstjórn hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórninni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarstjórnin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð samgönguráðuneytisins.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein, falla úr gildi, hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því að leyfið var veitt, og er óheimilt að gera mannvirki eftir þann tíma, nema leyfi komi til.

57. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast í sömu röð og þau koma inn og sækja það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun hafa forgangsrétt.

58. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo viðtæka dagvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarstjórn telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af hafnarstjórninni. Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjunum leggjast, og ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi.

Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi að dómi hafnarstjórnar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hætta í höfninni, getur hafnarstjórn svipt hann starfinu og heimilað nýjan umsjónarmann.

59. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunartæki o. s. frv., fer eftir þeim fyrir mælum hafnarstjórnar, er hún setur á hverjum tíma og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

60. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt, sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga á hafnarsvæðinu.

61. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 2 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

62. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

63. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

64. gr.

Ekki má vera á fiskveiðum á ytri höfninni, ef hafnarstjóri telur það geta hamlað umferð um höfnina. Í innri höfninni má alls ekki fást við fiskveiðar, nema með leyfi hafnarstjóra. Beitutaka og seglfestutaka og annað slíkt, er bannað í ytri og innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

65. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt 16. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

66. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar, eða eru brotlegir við reglugerð þessa.

67. gr.

Á innri höfn má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

68. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur við á höfninni á skipi sínu, á sjálfur, og svo skipshöfnin, að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnarskrifstofunni. Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnar koma, fengið hæfilega mörg eintök af reglugerðinni. Eintak af reglugerðinni á að vera í hverju skipi, meðan það liggur í höfninni. Hafnarstjóri sér um, að jafnan sé til á hafnarskrifstofunni nægilegt upplag af reglugerðinni á tungumálum þeim, sem hafnarstjórn ákveður.

69. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Hafnarfjarðar.

70. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 2 3. janúar 1966, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 26. marz 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.